

Zammit Maempel gegn Möltu

Dómur frá 22. nóvember 2011

Mál nr. 24202/10

8 gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Friðhelgi heimilis. Skipulag. Ónæði vegna flugeldasýninga.

1. Málsatvik

Kærendur eru maltnesk fjölskylda, foreldrar og tvö börn. Þau eru fædd á tímabilinu frá 1949 til 1986 og búa í San Gwann á Möltu. Þau hafa búið í húsi sínu frá árinu 1994 en það er eitt þriggja húsa sem standa saman á annars nokkuð auðu svæði á eyjunni. Húsin tilheyra svæði sem er flokkað sem „óbyggt“ á skipulagi, en færri en 100 manns búa þar.

Arlega er haldin flugeldasýning í 150 metra fjarlægð frá húsi kæranda en sýningin er liður í tilteknum hátíðarhöldum. Kærendur hafa kvartað undan því að lífi þeirra, líkamlegri heilsu og öryggi sé stefnt í hættu í hvert skipti sem þessar flugeldasýningar eru haldnar. Auk þess hefur rusl sem fallið hefur til jarðar meðan á sýningunum stendur valdið skemmdum á heimili þeirra.

Kærendur kröfðust þess fyrir maltneskum dómstólum að bann yrði lagt við sýningunum. Niðurstaða dómstóls var að þótt viðurkennt væri að hljóðmengun af flugeldasýningunum hefði verið of mikil, kærendur hefðu orðið fyrir eignatjóni og að a.m.k. eitt þeirra hefði hlotið af þeim skerta heyrn var það niðurstaða á æðsta dómstigi að lög hefðu ekki verið brotin og að ekki hefði verið gengið of langt í að takmarka réttindi kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 8. og 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans með því að veita leyfi til flugeldasýninga sem hefðu valdið þeim heilsu- og eignatjóni.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Þótt flugeldasýningarnar stæðu stutt yfir þótti ljóst að þær höfðu haft áhrif á heilsu kæranda. Réttindi þeirra samkvæmt 8. gr. hefðu því verið takmörkuð. Dómstóllinn rakti að sýningarnar væru hápunktur hátíðarhalda sem skiptu töluverðu máli fyrir samfélagið. Bent var á að hátíðarhöldin sköpuðu tekjur en væru auk þess hluti af maltneskri menningu og trúarhefð. Þótt heyrn a.m.k. eins kæranda hefði mögulega skerst vegna flugeldasýninganna hefðu þau ekki verið í raunverulegri hættu. Eignir þeirra hefðu orðið fyrir litlum skemmdum sem mætti lagfæra. Dómstóllinn rakti að ákveðin lög og reglur giltu á Möltu um flugeldasýningar, lögregla og slökkvilið hefðu haft eftirlit með framkvæmd þeirra og sýningarhaldara verið skylt að vera tryggður gagnvart tjóni sem kynni að hljóta af sýningunum.

Þótt sérfræðialit hefði legið fyrir þar sem mælt var gegn því að flugeldasýningarnar væru haldnar eins og gert var hefðu löggæslufirvöld ekki talið ástæðu til að verða við álitinu. Dómstóllinn benti á að kærendur hefðu átt þess kost að láta reyna á ákvarðanir þeirra fyrir dómstólum en þess í stað hefðu þeir höfðað mál á grundvelli þeirra grundvallarréttinda sem þau töldu sig njóta. Dómstóllinn taldi þess vegna að ekki væri hægt að fullyrða að kærendum hefði verið ómögulegt að láta reyna á sjónarmið sín. Loks benti dómstóllinn á að kærendur hefðu vitað um stöðu mála þegar þau keyptu fasteignina. Var því ekki fallist á að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn féllst ekki á að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans eða 1. gr. 1. viðauka hans. Talið var réttlætanlegt að svæði það sem kærendur bjuggu á hefði verið flokkað á skipulagi sem „óbyggt“. Þar sem kærendur höfðu ekki látið reyna á réttindi sín samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans fyrir maltneskum dómstólum var röksemdum þeirra þar að lútandi hafnað.

